



Sveitarfélagið Vogar



---

## Reglur sveitarfélagsins Voga um stuðning við leiðbeinendur í skólum sveitarfélagsins sem eru í réttindanámi

- Umsækjandi skal vera í starfi við skóla í sveitarfélaginu Vogum og hafa starfað við kennslu við skólann í eitt ár hið minnsta í a.m.k. 50% starfi
- Umsækjandi þarf að sækja um réttindanám í samráði við skólastjóra viðkomandi skóla fyrir 1. júní sama ár og nám hefst
- Umsækjandi skal skila staðfestingu um skólavist til skólastjóra strax og hún liggur fyrir
- Styrkþegi fær greidd dagvinnulaun miðað við starfshlutfall þann tíma sem hann sækir staðbundnar námslotur og vettvangsnám í viðkomandi skólastofnun
- Að jafnaði skal miða við að starfsmaður ljúki ekki færri en 10 ECTS einingum á hverri námsönn. Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt skólaár og því þarf að endurnýja umsókn árlega
- Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að krefja styrkþega um hlutfallslega endurgreiðslu styrkveitingar sé unnið skemur en í 24 mánuði hjá sveitarfélaginu að réttindanámi loknu.

Samþykkt á 279. fundi bæjarráðs Sveitarfélagsins Voga 08.07.2019

Samþykkt á 159. fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga 28.08.2019

  **Vogar**  
Forstöðumaður  
stjórnsýslu

Daniel Arason, forstöðumaður stjórnsýslu